

Landsnet
Gylfatúni 9
112 Reykjavík
(sent rafrænt á landsnet@landsnet.is)

Ísafirði 4. janúar 2017

Umsögn: drög að Kerfisáætlun Landsnets 2016-2025

Vísað til auglýsingar á heimasíðu Landsnets frá 23. nóvember s.l. um kynningu á drögum að Kerfisáætlun 2016-2025 og 19. desember s.l. um framlengingu á umsagnarfresti til 10. janúar 2017.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir yfir stuðningi og fagnar þeirri hugmynd sem sett er fram í áætlun Landsnets um hringtengingu um sunnan- og norðanverða Vestfirði (bls 46) og fjölgun spenna í tengivirkinu við Mjólka (bls 45). Með verkefninu er náð því markmiði að bæta afhendingaröryggi raforku á sunnanverðum Vestfjörðum til langframa, í takt við það sem unnið hefur verið að í þessum málum á undanförunum árum á norðanverðum Vestfjörðum, eins og lýst er á bls 45. Framangreint verkefni er einnig til framtíðar litið, þáttur í að ná því lokamarkmiði að hringtengja flutningskerfi um alla Vestfirði og leysi þar með rekstarvanda sem felst í geislatengingu við landskerfið.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur síðan áherslu á að í drögum að kerfisáætlun 2016-2025, verði fjallað ítarlegar um breytta stöðu í orkumálum landshlutans og breytingum á flutningskerfi þeim tengdum. Í þeim efnunum er grundvallaratriði ákvörðun um staðsetningu tengipunkts í innanverðu Ísafjarðardjúpi og tengingu hans við landskerfið og tengingu við sunnan og norðanverða Vestfirði og Strandir. Fyrir liggur að Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði hefur verið samþykkt innan Rammaáætlunar í nýtingarflokk og umhverfismat virkjunarinnar er nú til umsagnar og verkefnið því að komast á framkvæmdastig. Síðan hafa virkjanakostir við norðanvert Ísafjarðardjúp (Austurgil og Skúfnavötn) verið teknir til athugunar í Rammaáætlun. Ítrekað er að lykilþáttur fyrir framkvæmd þessara verkefna er staðsetning tengipunkts í Ísafjarðardjúpi. Að lokum skal síðan bent á að veitt hafa verið rannsóknarleyfi fyrir a.m.k. þrem virkjunum vestanmegin við Ísafjarðardjúp sem tengja verður við orkunotendur á Vestfjörðum og við landskerfið.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur því mikla áherslu að í byrjun árs 2017 verði tekin ákvörðun um staðsetningu tengipunkts í Ísafjarðardjúpi og sú ákvörðun komi inn í kerfisáætlun 2016-2025. Að mati Fjórðungssambandsins verður að setja fram þá kröfu að sú tenging miðist við tengingu bæði í austur og vestur, þ.e. um Hólmavík annars vegar og til Ísafjarðar á hinn veginn. Hér er í raun lykillinn að ná fram aukinni möskvatenging raforkukerfis á Vestfjörðum sem verður að teljast best til þess fallið að bæta raforkugæði svæðisins. Ekki síður að tryggja hagsmuni Landsnets, þar sem afhendingaröryggi frá væntanlegum virkjunum, sem hér að framar er lýst, verður umtalsvert meira og mun nær markmiði að ein eining geti fallið úr rekstri tímabundið án þess að það loki fyrir afhendingu.

Staða Vestfjarða í orku og flutningsmálum raforku mun breytast hratt til hins betra innan gildistíma kerfisáætlunar sem hér er til umsagnar. Horfa má fram til þess að samkeppnishæfni atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum komist á stig við aðra landshluta, og verið í aðstöðu til að geta keppt um fjárfestingartækifæri og aukið þar með fjölbreytni atvinnulífs með orkufrekum verkefnum. Dæmi um orkufrek verkefni unnið hefur verið að eru; efnaiðnaður með þurrkun á lífrænum efnunum, fiskeldi, þjónusta við skemmtiferðaskip. Slíkt er gleðilegt fyrir landshluta sem hefur um áratuga skeið, glímt við viðvarandi fólksfækkun, fábreytni atvinnulífs og markaðsbrest á húsnæðismarkaði.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri